

22/2 '72

Skógarvörðurinn á Austurlandi

m m

S T A R F S S K Y R S L A F Y R I R A R I D 1 9 7 1



mmmmmmmmmmmmmmmm

Sigurður Blöndal

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1971.

1. Veðurfar ársins.

Páll Guttormsson skrifar eftirfarandi tíðarfarsyfirlit um árið 1971:

Janúas var með lægstan meðalhita, síðan mælingar hófust hér. Það var flesta daga kuldaneðingur og oftast föl, stundum þunnt lag af snjó á jörð. Það kom því bó nokkurt frost í jörð, en að sínu leyti meira í skóginum en á skjóllausu landi, eða liðlega 20 cm.

I febrúar og marz var mjög mild tíð. Var ýmist hæg, hlý, vestlæg átt, eða þá mild austlæg átt. Var marga sólarhringa logn og góðviðri.

I apríl var mjög umhleypingasamt. Hinn 9. byrjaði að koma vorveður og var mjög hlýtt um páskana. Aðfaranótt 17. byrjaði að snjóa og var bylurinn bann dag með verri veðrum, er hér koma í apríl. Er leið á aprílmánuð, var holklaka mjög farið að gæta í græðireitnum.

Hinn 25. marz var klaki í jörð í græðireitnum 55 cm, en 22 cm í skóginum. Lagarfljót lagði 30. jan. og var ísinn 25 cm, er hann varð þykkastur í febrúar. Ísinn fór úr Fljótinu 22. marz.

Agæt tíð var í maí. Voru frostnætur óvenju fáar í mánuðinum. Er þetta hlýjasti máimánuður, síðan 1961. Vorgróður byrjaði að koma 1. máx maí, tún urðu algræn 23. maí og lerkið var útsprungið hinn 30.

Fram að 8. júní voru hlýindi. Blómgaðist gullmura 2. júní, mísareyra 4. og holtasóley 6. Frá 9.-29. júní var mjög kalt. Hafa bara júní 1944 og 1968 verið kaldari. Þá var norðan- og norðaustanátt. Tímabilið 8.-20. var oft napur kuldí, sérstaklega á nöttunni. Er hitastigið, sem mældist við jörð (við mælastkýlið) hinn 18., það lægsta, sem mæltz hefir í júní. Urðu þá skemmdir á efri hluta nývaxins sprota tveggja ára lerkis í græðireitnum. Klaki var rétt við að fara úr jörð, er kólnaði. Og hæðarvöxtur trjáa yfirleitt ekki byrjaður.

En er hlýna tók í lok júní og með hlýindum þeim, sem komu í júlmánuði, og einnig að bakka hinni 20 mm rigningu síðast í júní, varð um leið góð framför á gróðri. Varð útjörð algræn 1. júlí. Jurtir, sem blómgast í júlí, voru fyrr á ferðinni en í fyrra. Eftir nokkrar kaldar nætur 22.-26. júlí og til 25. ágúst voru hlýindi og margir sólskins-dagar. Mjög lágt rakastig var 10.-20. ágúst. Nokkrar mjög svalar nætur voru laust fyrir miðjan ágúst. Eftir frostnóttina hinn 11. bar allmikið á því, að ~~XXXXXX~~ efsta brumið á 4 ára lerki væri móbrúnt. Og allmikið af blöðum á kartöflugrasi eyðilagðist.

Greni bætti mjög litlu við hæð sína eftir ágústbyrjun, en lerkið óx mjög jafnt til 26. ágúst. Það bar dálitið á því, að einstaka lauf gulnaði á birki, er vex í burrum jarðvegi, í burrkakaflanum.

Seinnihluta dags 25. ágúst kólnaði mjög ört. Var vaxandi úrfelli með aukinni veðurhæð nöttina eftir og hélt svo áfram 26. Er þetta eitt-hvert versta rigningardeður, er komið hefir hér í ágúst. Hið óvenju-lega var, að áttin var norðvestlæg, en úr þeirri átt rignir nær aldrei. Úrfellið þessa two daga varð samt 37,4 mm og veðurhæðin komst í 7 vind-stig.

Mikil veðurseld var í september fram að 19. Trjágróður bjó sig þá mjög ört undir veturinn. Grastegundir héldu sig vel og kartöflugras náði sér talsvert. Þann 19. skipti um átt og lækkaði hitinn úr meðaltalinu 10,2 stig 14.-18. sept niður í 1,4 stig 19.-23. Var hitastigið aðfaranótt 23. með því lægst, er það hefir farið í september. Því að bakka, að bjart veður var nöttina, er frostið var mest, voru ekki sjáanleg snögg umskipti á lit landsins eftir frostið. En tók þó óðum að gulna úr því.

I okt. og nóv. voru meiri sveiflur í tíðarfari en í sept. T.d dagana frá 4.-7. okt. var meðalhiti 9,6 stig og 25.-28. var meðalhiti 10,4 stig. En 9.-13. var meðalhitinn aftur á móti +3,3 stig. Mild tíð var í nóvember fram að 15. Hinn 10. var hitinn t.d. 10,0

stig. Og milli tveggja kuldakafla, eða þann 24., var hann 9 stig og fór hæst í 14 stig þann dag.

Fram að 20. des. voru mjög tíðar sveiflur í hitastigi og einnig skipti um átt með stuttu millibili. En frá 20. des. til áramóta var hver dagur bjartur og hlýr.

I lok ársins mældist klaki í jörð í skóginum 10 cm, en í græðireitnum 45 cm.

Tafla I. Hita-, úrkomu- og sólskinsmælingar á Hallormsstað 1971.

Mán- uður	Hitastig °C		Úrkoma mm		Sólskinsstundir	
	Meðal- tal	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi	Sam- tals	Vik frá meðal- lagi
Janúar	-5,2	-3,9	54,1	-48,6	-	-0,6
Febrúar	0,1	+1,5	51,6	-13,9	29,2	-3,9
Marz	-0,1	+0,6	57,6	+15,4	73,0	+13,8
Apríl	1,9	+0,4	72,4	+34,0	126,8	-5,2
Maí	6,3	+0,9	69,0	+45,1	136,6	-44,4
Júní	7,8	-1,2	20,2	-8,2	257,0	+79,2
Júlí	10,7	0,0	45,4	+4,4	242,4	+71,2
Ágúst	9,5	-0,3	50,2	+11,5	179,3	+53,1
Septemb.	7,2	0,0	48,8	-3,5	83,7	-7,8
Október	4,1	-0,1	41,3	-23,1	52,0	+2,3
Nóvember	-0,5	-1,7	29,4	-51,9	0,7	-4,7
Desember	-1,2	+0,3	98,0	+10,2	-	-
Arið	3,4	+0,3	638,0	-28,6	1.144,7	-
Júní- Sept.	8,8	-0,4	-	-	-	-

Vik frá meðallagi hita og úrkomu er reiknað frá árunum 1941-1970.

A sumrinu náðu aðeins 2 dagar 20 stiga hámarkshita: 3. og 4. júní með 20,0 stig hvor. Lægstur hiti á árinu varð 5. janúar -21,0 stig.

Tafla II. Hitastig undir frostmarki við jörð 3. maí til 24. sept.

Mánuður	Dagur	I mælastkýli	Við jörð
Maí	3.	-0,4	-2,6
"	17.	-1,2	-3,5
"	28.	0,0	-0,3
Júní	8.	0,0	-2,1
"	12.	-1,6	-3,2
"	14.	-0,3	-2,5
"	17.	0,6	-2,4
"	18.	-1,4	-4,6
Júlí	26.	1,0	-1,1
Ágúst	11.	-0,9	-1,8
"	12.	1,8	-1,5
"	13.	2,5	-1,0
"	20.	1,8	-1,9
"	31.	-0,1	-2,6
Sept.	17.	1,9	-1,5
"	23.	-7,5	-9,3
"	24.	-4,4	-6,8

2. Vöxtur og þriftrjágróðurs.

a. Laufgun og lauffall.

Birkiskógrinn var allaufgaður 3. júní, en 22. maí voru komin litaskipti á hann.

Um 18. sept. var birkiskógrinn farinn að gulna allmikið og 1. okt. var lauf mjög farið að falla af honum. Þá var líka flest lerki mikið gulnað og sumt fallið. Var þetta óvenjulítill munur á birki og lerki. Minn 5. okt féll lauf mjög og var nær allt fallið 12. okt.

b. Vöxtur.

Vöxtur var nú með minnsta móti á öllum tegundum, einnig á lerki. Á greni- og furutegundum var hann sérlega líttill, nema þar, sem borið hafði verið á. Undantekning frá þessu eru nokkrar rauðgreniplöntur, sem 1956 voru gróðursettar í eyður í lerkiplöntun í Lýsishólnum við Ormsstaðagrunn. Þarna er að vísu ákaflega góður jarðvegur með umfeðmingi sem einkennisplöntu, en vöxtur grenisins þar er líka undraverður og litar þess eins og bezt má verða. Þetta sýnir nauðsyn þess að hefja nú þegar á næsta vori allumfangsmikla tilraun með plöntun á lerki og rauðgreni saman. Eru til þess plöntur og allar aðstæður.

c. Fræfall.

A birki var nú mesta fræár síðan 1954. Var feiknamikið fræ víða í skóginum. Því miður var ekki tími frá öðrum nauðsynlegum hauststörfum til þess að tína nema takmarkað magn. Okkur tókst þó að ná í tær 90 kg af burru og hreinsuðu birkifræi, sem allt var tekið af góðum trjám. Langmest var tínt í Lýsishólnum af trjám, sem stóðu þar yfir greni.

Af broddfuru fengust 800 g og ofurlítið af sitkagreninu frá 1949.

d. Skaðar.

Skaði af völdum Potebniamyces coniferarum var nú miklu minni en undanfarin ár á lerkinu.

Nokkur skaði varð á litlum plöntum af lerki og greni í frostinu 17. júní. Er það í fyrsta sinn, sem áberandi skaði verður hér á lerki af vorfrosti, síðan 1964.

3. Starfsfólk.

Vinnustundir og kaupgreiðslur á árinu voru sem hér segir:

Vinnustundir í tímavinnu alls	24.469	...	kr. 2.429.468,10
Akvæðisvinna	"		191.122,50

Nestispeningar	kr. 2.620.590,60
	" 42.100,00

Alls kr. 2.662.690,60

=====

Af þessari upphæð var vinnusala kr. 95.874,10. Af heildarupphæðinni voru 1.794.903,80 kr. greiddar fólk, sem býr í Vallahreppi, eða 68,5%.

Flest varð fólk 34 í júní.

Verkaskipting okkar Páls Guttormssonar var hin sama og áður.

Ingibjörg Sigurðardóttir var ráðskona 13. sumarið í röð.

Gunnar Guttormsson frá Hallormsstað sa fyrir okkur um ákvæðisvinnoplöntun eins og í fyrra.

Stúlkur komu til vinnu í Mörkinni 19. maí.

Pórarinn Benedikz var hér við vinnu í lerkitilraunum 3.-15. maí.

4. Girðingar.

a. Viðhald.

Nú var gert mesta átak í girðingaviðhaldi hér um langt skeið. Það kostaði alls 186.900 kr. í vinnu. Langmest var gert við Hallormsstaðagirðinguna. Þar var eiginlega um að ræða eins konar "flokkunarviðgerð" á fjallinu. Var girðingin öll yfirlarin utan frá Hafursá og inn að Kerlingará, eða sá kafli hennar, sem endurnýjaður var 1955-1959. Á Hallormsstaðabjarginu burfti að skipta um nær alla tréstaura, enda verður ekki annað sagt en birkistaurarnir, sem settir voru niður 1955, hafi staðið sig vel. Mörg horn burfti nú að taka upp og rétta, en þau höfðu skekkzt á þessu tímabili. Settir voru margir nýir krossar á girðinguna á Bjarginu til þess að styrkja hana, en það hefir sýnt sig, að ekki borgar sig að spara þá. Þá var girðingunni breytt austan við Þverbjarg ofan við Illuskriðu, en þar hefir hún alltaf farið í kaf á veturna og verið í tætlum hvert vor. Við gerum okkur voniðum, að þessi staður reynist betur.

Þá var nú eitt gert, sem trassað var, þegar girðingunni var breytt 1955-1959: Gamla girðingin var ekki tekin upp þá og lágu vír- og netdræsurnar eftir, en girðingin gamla var öll fallin. Þetta var nú alveg hreinsað upp og var það geysilegt verk. Voru tveir menn í því að heita allan tímann.

Þetta verk stóð í 1 mánuð frá 9. ágúst til viku af september. Kostaði vinna við viðhald Hallormsstaðagirðingar (með vorviðhaldi) 140.800 kr. Bragi Jónsson var flokkstjóri.

Þá var að miklu leyti skipt um staura í Jórvíkurgirðingu og að öðru leyti gert vel við hana. Annaðist það Ingólfur Reimarsson á Innri-Kleif í Breiðdal með sonum sínum tveimur. Kostaði sú viðgerð 62 þús. kr., þar af vinna 46 þús.

b. Ásagirðing.

Að loknu verki við viðhaldið hófst vinna við Ásagirðingu innan við Kerlingará. Þetta var aðeins byrjunin. Aðlunin var að lagfæra mikið undir girðinguna með jarðytu, en við erum í stórum dráttum búinir að ákveða girðingarstæði. Jarðýtan var ekki búin að vera nema nokkra daga, er hún bilaði, svo að þar með urðum við stopp í haust. Við vorum komnir með vegarruðning inn á Halaklettana og búið ~~XX~~ var að ganga frá nokkrum hornum. En nú er ekkert að vanbúnaði að fara í þetta verk strax í júlí nk. Við höfum tryggt okkur jarðýtuna til að vinna verkið og ætti því að vera hægt að gera verulega myndarlegt átak í þessari girðingu.

Vinnukostnaður við Ásagirðinguna varð aðeins 26 þús. kr., en ýtuvinna 14 þús.

5. Skógarhögg.

Minna magn féll nú af birki en veturinn á undan, aðeins um 200 tonn. Hins vegar féll nú í fyrsta skipti verulegt magn af lerki, en því miður tókst ekki að fá almennilegt yfirlit yfir magnið af því. En 50 tonn er lágmarkstala og trúlega féll meira magn.

Astæðan til þess, að minna magn féll nú af birki en í fyrra, er fyrst og fremst sú, að nær allt höggið var grisjun í ungskógi, en nær ekkert var fellt ofan af eldri plöntunum. Var þarnaum mjög þéttan skóg að ræða víða og því miklu minna um stórvíð en undanfarin ár.

Skógarhöggis hófst 13. janúar og stóð óslitið að kalla til 15. maí, en tíðarfari var einstaklega hagstætt. Aðeins örfáa daga ~~XXXXXX~~ urðu piltarnir að vera inni allan þennan tíma vegna veðurs. Unnið var í birkiskógi til 16. apríl, en þá hófst lerkigrisjun, sem stóð upphaldslítið til 15. maí. Þá er reyndar meðreiknuð vinna við tilrauna-fleti bæði í Jónsskógi og Guttormslundi, en sú vinna tók verulegan tíma.

Lengst af störfuðu 5 menn í högginu, 3 með sagir og 2 að afkvista og tína út. Var þó geysimikið magn af viði óútdregið, er lerkigrisjunin hófst um miðjan apríl. Var aftur tekið til við útdrátt um 20. júní og lauk því verki ekki að fullu fyrr en í fyrstu viku ágúst.

Kurlun á viðnum hófst 10. júní og störfuðu tveir menn óslitið við hana til 30. ágúst.

Birking og ydding staura hófst 5. júlí og stóð svotil óslitið til 16. sept. Vann við hana Gunnlaugur Sigurðsson á Hallormsstað, sem náð hefir geysimikilli leikni við betta verk, og raunar sá eini pílta hér, sem náð hefir miklum afköstum. Að ~~lónu~~ þessu tímabili hafði hann birkt og yddað alls 11.220 staura og styttur af lerki og birki. Við lærðum nú það af reynslunni frá í fyrra, að hafa unglingspilt með birkingameistarana til þess að handbirkja það, sem burfti og svo til þess að raða staurunum. Hins vegar er staurayddarinn ákaflega óhentugt verkfæri til þess að birkja staura með. Véri nauðsyn að reyna að finna hentuga birkingavél, sem er verulega afkastamikil.

Þessi svæði voru höggvin:

a. Grisjaður allur birkiskogurinn frá Staðará inn með Kistuklettum niður að húsínu á Hjalla og niður fyrir barnaskólann inn að Kolagjót. Er hugmyndin, að þarna verði birkiskogur látinna standa að mestu í framtíðinni.

b. Grisjað allt svæðið utan við Borgargerðislæk og út að sundinu ofan við Bergsbás og upp að Borgargerðismýri. Er hugmyndin, að birkiskogurinn neðan við Borgargerði verði látinna standa. Hins vegar var plantað greni og furu í svæðin utan við Borgargerðið.

c. Grisjaðir allir lerkiteigar, sem plantaðir voru árin 1951-1955, en þó var skilið eftir stykkið á Kerlingarmel, sem afmarkast af Selvegi að ofan og Króklæk að neðan. Er hugmyndin, að það svæði verði látið standa ógrisiað í 5-10 ár hér frá til reynslu.

d. Grisjað allt lerkið frá 1938 og 1939.

Eins og getið var í síðustu skýrslu, var aðstaðan til ósunar staura óviðunandi. Fyrir því var ákveðið í vor að bæta þar úr og láta smíða stærra ker og útbúnað í gömlu hlöðunni á Hallormsstað til þess að færa ~~skáum~~ staurana til á léttan og hagkvæman hátt. Fengum við véldmið á Egilsstöðum til þess að smíða betta, en gátum ekki fyrirfram vitað, hver kostnaður yrði. Smíðin tók miklu lengri tíma en við hugðum og var þessu ekki komið í kring fyrr en fyrst í september. Kostaði betta hvorki meira né minna en 197 búsl. kr. og með nauðsynlegri talíu raunar 210.500 kr. ~~MAXX~~ Við hefðum auðvitað ekki lagt í þetta fyrirtæki, ef okkur hefði órað fyrir, að kostnaður yrði svona mikill. En vissulega er að þessu mikil hagræðing, þótt hér sé raunar aðeins tjaldað til ~~skáums~~ tíma, því að gömlu útihúsín á Hallormsstað verða ekki til frambúðar fyrir þessa starfsemi. Eins og ég tók fram í síðustu skýrslu, verður að koma allri starfseminni fyrir undir einu baki.

Kostnaður varð þessi:

a. Grisjun 167.500 kr.

b. Skógarhögg, sem er fellung á lerkinu og dálitlu af birkinu, 31 búsl. kr.

c. Vinna við eldivið og staura 702.600 kr. Af því er vinna við ósun 32.900 kr. og ákvæðisvinna við birkingu og yddingu 84.300 kr. Á móti eignum við nú inni í birgðageymslu lager af staurum og pokuðum arinviði, sem nemur að söluverðmæti um 650 búsl. kr. Auk þess verulegar birgðir af kurli í hlöðum og óupphlöðnu, auk efniviðar af lerki, sem ekki hefir unnist tími til að fletta. Þessi lager allur væri seljanlegur fyrir a.m.k. 800 búsl. kr. Í þessu verðmæti skiptir lerkið auðvitað verulega miklu máli, svo sem birgðataflan sýnir. Verður nú hægt að snúa sér í alvöru að því að selja þessar afurðir. Nokkur hindrun er það, að svo virðist sem verulegt magn bjóðist um þessar mundir af rekaviðarstaurum, sem eru boðnir á mjög lágu verði.

Jólatré. Seld voru 2.449 jólatré og 102 kg af furugreinum. Þar

af voru 1.966 stk. seld Landgræðslusjóði og send með flugvélum til Reykjavíkur. Allmög trjánna voru torgtré af sitkagreni frá 1949 og svo tré á jólatrésskemmtanir. Þrír stórir fjallabínir voru seldir til Reykjavíkur eins og í fyrra. Stærstu sitkagrenitrén voru 5-6 m. Eins og í fyrra voru trén til Reykjavíkur send óþökkuð og sparar það auðvitað mjög mikla vinnu og kostnað. Flugfragtin nam um 44 bús. kr. eða rúmlega 22 kr. á tré til jafnaðar.

Vinna við jólatrén kostaði 81 bús. kr.

Enn voru jólatrén af rauðgreni of gul. Var þó borið á flesta reitina sl. vor. En það kom í ljós, að þau höfðu gulnað verulega frá því um 20. okt., er ég gerði á þeim lauslega talningu og fram að lokum nóvember, er flest þeirra voru höggvin. Eg hefi í huga að gera á hausti komanda tilraunir til þess að ~~XXXX~~ komast að því, hvað veldur. M.a. þarf strax að setja í gang tilraunir með að planta lerki með greninu. Við sjáum þegar dæmi þess, hvernig greni, sem vex upp við greniteiga, er áberandi dekkra að lit en það, sem fjær vex, svo að ekki sé minnzt á rauðgrenið, sem fyrr var getið í þessari skýrslu við Ormsstaðagrund. Tilraunir með lekriíblöndun þarf að gera á margs konar jarðvegi.

Brúttósala á eldiviði og staurum 1971 nam 493.735 kr. og afhent til eigin notkunar staurar fyrir 22.460 kr. Brúttósala jólatrjáa og greina nam 512.681 kr.

Heildarafurðasala skóglendis á árinu nam þannig 1.028.876 kr. brúttó. Er þetta aukning frá fyrra ári, er nemur 463.458 kr.

Tafla III. Viðarsala á Hallormsstað 1971.

1. Staurar:

B 1 birki	70	stk.
B 1 lerki	70	"
B 2 birki	3.156	" (404 eigin skógl.)
B 2 lerki	40	"
B 3 birki	516	"
B 4 birki	420	"
Styttur	2.180	" (80 " ")
2. Arinviður	731	pk. 25,5 tonn
3. Efniviður til smíða		2,8 "
4. Efniviður til ATON Stykkishólmi ..	11,6	"
5. Eldiviður	4,7	"
6. Reykingaviður	4,5	"
7. Ymiss konar viður	1,6	"
8. Blómasúlur	0,5	"
9. Birkispænir	38	pk. 1,0 "

Tafla IV. Staurabirgðir í árslok 1971.

Stærð	Hálfb. og yddir	Albirkir tir og yddir	Fúavarðir	Alls
Lerki:				
B 2	-	50	1.305	1.355
B 3	-	-	1.585	1.585
B 4	-	125	812	937
Styttur	-	-	1.550	1.550
Birki:				
B 2	400	1.979	-	2.379
B 3	80	580	2.505	3.165
B 4	-	924	637	1.561
Styttur	400	1.663	573	2.636
Alls	880	5.321	8.967	15.168

Auk þessa eru 90 pokar af arinviði, margir hlaðar af arinviði og reykingaviði og verulegt margin af óupphlöðnu kurli. Af lerki er tals-

vert magn af óflettum viði. Verður þessu lerki flett svo fljótt sem tími vinnst til.

6. Gróðrars tóð.

a. Fræplöntur.

Vorsáning nam 641 m². Skv. talningu reyndust þó fræplöntur 1/0 aðeins vera um ~~245~~²⁴⁵ pús., en 2/0 plöntur hins vegar 446 pús. og 3/0 9 pús.

Astæðan fyrir þessari lágu tölu 1/0 plantna er sú, að öll grenisáningin í vor og talsvert af furusáningunni eyðilagðist. Eru orsakir fyrir þessu ~~flager~~ ráðgáta og eiga sér ekkert fordæmi hér í gróðrarstöðinni. Lerkisáningin í plasthúsínu heppnaðist líka mjög illa og vitum við ekki gerla, hver orsókin er til þess. Hins vegar tókst birksáningin í plasthúsínu mjög vel og náðu sumar plönturnar þar allt að 50 cm hæð. Ekki verður hægt að dreifsetja neitt af lerkini í plasthúsínu fyrr en á miðju sumri.

Vinna við sáningar kostaði 58 pús. kr.

b. Dreifplöntur.

Dreifsettar voru alls 300.350 píkkur skógarplöntur. Þar af var lerki 97 pús.

Ekkert sérstakt er ástæða til að taka fram um dreifsetninguna. Astæða er til að ætla, að hún hafi gengið vel. Frekast er hætt við, að vanhöld verði í stafafurunni, eins og venjulega hér í söðinni.

Vinna við dreifsetningu kostaði 145.800 kr.

c. Garðplöntur.

Dreifsettar voru 3.850 garðplöntur og 10.400 græðlingar, þar af 2.950 sumargræðlingar. Allmikil vanhöld hafa því miður orðið á summargræðlingunum.

Afhentar garðplöntur voru 8.504 stk., þar af 855 til eigin nota. Er þetta aukning um 3.300 stk. frá sl. ári og í fyrsta skipti, sem veruleg sala á sér stað hér á garðplöntum. Tekin var upp sú nýbreytni að keyra plöntum bæði suður á Hornafjörð og niður á Norðfjörð og gafst það mjög vel. Báðar þessar ferðir voru farnar í samvinnu við skógræktfélögin á staðnum. Plönturnar, sem farið var með á Norðfjörð, voru ekki pantaðar fyrirfram. Hefði verið hægt að selja mun meira þær, ef pláss á bílum hefði verið meira. A komandi vori verður stefnt að því að fara söluferðir á sem flesta firðina hér eystra. Vandamálið er helzt, að okkur skortir til þess hentugan bíl. Verður athugað að leigja í þessu skyni yfirbyggðan vöruflutningabíl. Með góðum undirbúningi er örugglega hægt að stórauka plöntusöluna á pennan hátt.

Öll vinna við garðplöntur og sölu þeirra nam 155.600 kr., en brúttósala nam 359.600 kr., auk þess sem verðmæti garðplantna, er settar voru niður á Ormsstöðum til framhaldsræktunar nam 55.000 kr. Skv. söluáætlun, er gerð var í fyrravetur um garðplöntur, var gert ráð fyrir að selja fyrir 281 pús. kr., en tókst sem sagt að selja fyrir um 80 pús. kr. meira. Vissulega hefir hin góða veðrátta í maí og fyrst í júní átt nokkurn þátt í því, að salan gekk betur en áður.

d. Afhending plantna.

Afhentar voru 112.850 skógarplöntur og 49.000 dreifsetningarppl. til annarra stöðva.

Kostnaður við afhendingu nam 62.500 kr.

Sala skógarplantna úr stöðinni nam 296.500 kr., en verðmæti skógarplatna til Skógræktar ríkisins 199.600 kr. Brúttóverð skógarplantna varð þannig rúml. 496 pús. kr., en heildarverð afhendingar úr gróðrarsöðinni brúttó 910.780 kr.

e. Annað.

Ekið var í reitinn 25 bílum af sandi og 7 bílum af móbold.

Allur vinnukostnaður, færður á stöðina á árinu, nam 928.000 kr., en var áætlaður 855.000 kr. Miðað við aðstæður, má sэмilega við það una.

7. Gróðursætning.

a. Yfirlit og áætlun.

Vorplöntun á Hallormsstað og í Mjóanesi var áætluð 46.500 plöntur. Ennfremur var gert ráð fyrir að planta 20.000 rauðgreni síðsumars. Af síðsumarplöntun varð ekki, vegna þess að land ~~XXXXXX~~ var ekki tilbúið til þess frá vetrinum, og auk þess önnur verkefni svo brýn, að tími hefði vart unnist til plöntunarinnar í ágúst.

I vorplöntun var heldur minna plantað af lerki hér en áætlað var, en lerkiplöntun aukin um 9 þús. frá áætlun í Fljótsdal. Þá var suð breyting ger, að mestöllu lerkinu hér heima var plantað í Mjóanesi, en ekki í skóginn. Alls var plantað á Hallormsstað og í Mjóanesi 37.605 plöntum, en á Ormsstöðum var plantað 775 garðplöntum og 80 reyniviðum utan við bæinn á Hallormsstað meðfram þjóðveginum. Er þessi plöntun á Ormsstöðum áframhald af þeirri framræktun garðplantna, sem hófst þar 1970. Þar eðs svo mikið var til af fallegum reyniviði í stöðinni, var 450 stk. plantað í unna jörð á Ormsstöðum í því skyni að eiga þar stór reyniviðartré með hnaus eftir nokkur á, en þau verður örugglega auðvelt að selja fyrir gott verð.

b. Plöntunartími.

Plöntunin á Ormsstöðum hófst 7. júní og lauk 12. júní. Var satt að segja ekki tími fyrr til að hefja plöntun vegna annríkis í gróðrarstöðinni.

Plöntun á furu í Partinum hófst svo 14. júní og lauk 24., en gera varð á henni tveggja daga hlé vegna þess, að ekki var búið að ná öllum viðnum úr stykkjunum.

Hinn 25. júní ~~XXXXXX~~ hófst svo lerkiplöntun í Mjóanesi, sem tók 4 daga. Er nú búið að planta lerki í megnið af þurrlendi Mjóaness. En myrarnar þar bíða framræslu, svo að hægt sé að planta þar greni og plægja.

Hinn 29. júní hófst lerkiplöntun í Fljótsdal og lauk 2. júlí. Var ekki plantað meira á árinu.

c. Kostnaður.

Heildarvinnukostnaður við plöntunina á Hallormsstað og í Mjóanesi varð 75.952 kr., eða 2,02 kr. á plöntu.

Vinnukostnaður við Ormsstaðaplöntunina varð 22.700 kr.

8. Hirðining plantna.

a. Kjarrhreinsun.

Sáralítill kjarrhreinsun fór fram á þessu ári. Aðeins var farið yfir einn reit með fjallaþin utan við Borgargerði.

b. Áburðargjöf.

Borið var á two rauðgreniteiga innan við Atlavíkurlæk og á jólatrés~~XXXXXX~~ plantanir frá 1958 við Bergsbá.

Kostnaður við hirðingu var að þessu sinni aðeins 5.900 kr.

9. Byggingar.

Enn vannst ekki tími til að ganga almennilega frá húsinu yfir flettisöginni. Því má nú til með að ljúka 1972. Hvort tveggja er, að vinnuaðstaðan er ekki nógu góð og svo er vart sémmandi lengur að láta

Tafla V. Plöntun á Hallormsstað og í Mjóanesi 1971.

Tegund	Kvæmi	Aldur	Mjóanes	Ormsstaðir	PUR	Akurgerði Hallormsst.	Alls
Blágreni	Hallormsst.	2/3	-	430	650	-	1.080
Brodd-og blá.	Sapinero	2-3/3	-	-	2.425	-	2.425
Rauðgreni	Trysil	2/3	-	450	6.250	-	6.700
Bergfura	Mt. Louis	3/3	-	-	525	-	525
Stafafura	Skagway	2/3	-	-	4.875	-	4.875
Stafaura	Anaheim	2/3	-	-	475	-	475
Stafafura	Hazelten	2/3	-	-	175	-	175
Stafafura	Petersburg	2/3	-	-	525	-	525
Rússalerki	Sénekúrsk	2/2/3	-	-	475	-	475
Sjófánfálerki	Altai	2/2	20.350	-	-	-	20.350
Garðplöntur:							
Blágreni	30-50 cm	-	-	50	-	-	50
Sitkagreni	50-100 cm	-	-	250	-	-	250
Fjallapinur	40-70 cm	-	-	25	-	-	25
Reynir	150-200 cm	-	-	450	-	-	530
Alls	-	-	20.350	1.655	16.375	80	38.460

húsið standa svona ræksnislegt utan sem innan.

Petta viðhald var framkvæmt á byggingum:

Mörkin. Ekkert var málæð inni í húsum að bessu sinni, en hins vegar voru húsin málud að utan að nokkru leyti. Þó tókst ekki að ljúka því eins og skyldi, þar eð tíð var umhleyðingasöm seinni part sumarsins, þegar að bessu var unnið.

Kostnaður: Vinna 5.100 kr. og aðkeypt viðhald 11.000 kr.

Skógarvarðarbústaður. Lagfært var handriðið í skála hússins, sem aldrei hafði verið fullfrágengið. Var því nú breytt talsvert og gert varanlegt. Þá kom nú til reiknings raflagnavinna frá árinu áður og sitt hvað smávegis. Hins vegar verður nauðsynlegt að málá talsvert í húsinu bæði úti og inni á sumri komanda, m.a. eldhúsið.

Kostnaður: Vinna 8.400 kr. og aðkeypt viðhald 70.700 kr. Af þessari upphæð er handriðið stærsti liðurinn.

Geymslur. Ýmislegt smávegis viðhald var við bæði verkfærageymsluna og viðarbirgðageymsluna.

Kostnaður varð alls vinna 19.500 kr.

10. Flettisögg.

I ágústmánuði gerðum við tilraun með að fletta dálitlu timbri, bæði lerki og rekavið, sem við tókum að okkur fyrir mann úr nágrenninu. Petta var í rauninni fyrsta alvarlega tilraunin við það. Það tók allmikinn tíma að stilla sögina upp á nýtt, preifa sig áfram með skerpingu, útleggingu o. fl. En petta tókst að lokum vel, svo að við fengum þann vitnisburð frá smiðnum, sem fékk í hendur rekatið, sem við höfðum flett, að hann hefði sjaldan séð svona vel skorið timbur!

Það kom fljótt í ljós, að engin afkoma er að hafa aðeins eitt blað. Fyrir því léturnum við panta þrjú stór til viðbótar. Þau kostuðu reyndar 28.800 kr., en eru óhjákvæmileg. M.a. fengum við nú eitt blað 100 cm í þvermál, sem verður að hafa til þess að geta flett stærstu rekaviðarbolum.

Vinna við flettisögina kostaði 18.800 kr.

11. Vélar og verkfæri.

Almennt verkfærvandið hér heima kostaði 29.100 kr. Var það mikið nauðsynlegt viðhald við sagirnar og svo handverkfæri.

Gamli Ferguson-traktorinn var settur á verkstæði og vélin í honum alveg tekin upp. Kostaði aðkeypt viðhald við hann alls 54.200 kr.

Bifreiðin U-866 bilaði í sumar og þurfti að taka upp vélina. Höfðu slífafakningar bilað. Heimavinna við bílinn kostaði 11.900 kr., en aðkeypt viðhald 28.900 kr. Annars hefir bílinn reynzt okkur vel.

12. Fljótsdalssáætlun.

a. Girðingar.

Girðingunni á Brekku og Hjarðarbóli var lokið seinast í júní, svo að plöntun gat hafizt þar, svo sem áður var sagt. Eftir er þó að setja styttur í girðinguna. Eiríkur Kjerúlf hafði verkstjórn þar.

I haust var byrjað á girðingunni í Geitagerði. Því miður gat Eiríkur ekki unnið neitt við hana, en Baldur Jónsson var dálitið með Guttormi Þormar til þess að setja hann inn í verkið. Flest hornin voru búin og lokið við að setja niður staura langleiðina, en alveg eftir að strengja. Petta er þó ekki meira en svo, að því verður örugglega lokið svo snemma í vor, að plöntun geti hafizt þar.

Gengið var frá hliðinu í Viðivallagirðinguna, en ennþá er eftir að setja styttunar í hana. Verður það væntanlega hægt í vor snemma.

I september fórum við Baldur Þorsteinsson með þessum þremur

girðingum og settum þær inn á loftmyndir. Er flatarmál þeirra sem hér segir:

Víðivellir	57 ha.
Brekka	29 "
Hjarðarból	7 "
Geitagerði	21 "
Brekkugerðishús	3,6 ha.

Við höfum fengið leyfi til að girða einn væng Geitagerðisgirð-
ingarinnar í landi Húsa til þess að fá betra girðingarstæði en ella
hefði verið og kemur því þessi litla spilda úr þeirri jörð parna
með.

b. Plöntun.

Svo sem fyrr var sagt, var plantað í Víðivallagirðinguna og Brekku og Hjarðarból.

A Víðivöllum varu gróðursettar 15.200 plöntur af lerki, á Brekku 5.875 plöntur og Hjarðarból 3.225 pl. Alls 24.300 plöntur.

Allur kostnaður við Fljótsdalsáætlun, sem hér hefir verið greiddur á árinu, er þessi:

Girðingar:

Vinna	kr. 80.016,15
Vörur og þjónusta	" 8.994,00
Akstur	" 6.452,10
Vinnuvélabjónusta	" 17.966,00
Girðingarstaurar + kostnaður frá Skógrækt ríkisins, Hallormssstað ..	<u>51.617,00</u> 165.045,25

Plöntun:

Vinna	kr. 34.379,35
Plöntur	" 138.310,00 172.689,35

Alls ~~xxxxxxxxxx~~ 337.734,60

=====

Eins og að ofan sést varð vinnukostnaður á plöntu 1.41 kr.

13. Y M I S L E G T.

a. Bílastæði við Atlavík.

Fyrir verzlunarmannahelgina var lokið við gerð bílastæðisins við Atlavík, sem skýrt var frá í síðustu skýrslu. Nú burfti að gera nokkrar brýr yfir ~~xkmxi~~ skurðinn, sem klýfur stæðið í tvennt, fín-jafna það og malbera.

Vegagerð ríkisins var svo vinsamleg að láta okkur í té endurgjaldslaust 6 vörubíla og mokstursvél í 1 dag. Dugði það okkur til þess að geta malborið svæðið allt, en sjálfir lögðum við til jarð-ýtu og mannskap til þess að jafna ofaníburðinn, sem var talsvert grýttur, svo að ~~míx~~ mikið verk var að fjarlægja steina af yfirborðinu.

Aðkeyptur kostnaður varð 47.833,00 kr., en þar í er ógreiddur kostn. frá fyrra ári um 28.000 kr.

Vinnuna yfir þetta verk sérstaklega hefi ég ekki, en allur vinnukostnaður við útvistarsvæði, þar með dagleg hreinsun Atlavíkur í summar og kostnaður við tiltekt fyrir forsetakomu varð 40.700 kr.

Hugsanlegt er, að takist að kræla út einhverja peninga til viðbótar í þetta frá samgönguráðuneytinu. Verður það athugað í vetur.

b. Skógræktarnámskeið.

Dagana 2. - 11. júní var haldið í Barnaskólanum hér 2. námskeið Skógræktarfélags Íslands. Ræði ég það ekki frekar hér, þar eð ég gat

nánast ekkert lagt þar til sökum annríkis við vorstörfin í græðireitnum.

c. Ferðafólk.

Mikill ferðamannastráumur var í sumar og vaxandi frá fyrri árum. Var oft geysilegur fjöldi tjaldbúa í Atlavík.

Skógarsamkoma var í Atlavík um verzlunarmannahelgina á vegum Framsóknarflokksins. Hún var hin fjölmennasta til þessa, líklega um 4 þús. manns. Er ekki hægt að segja annað en húlfæri bærilega fram. En daginn eftir samkomuna gekk um hópur fólks, sem braut mikið af gleri á tjaldstæðunum, svo að langt er síðan eins mikið verk hefir verið að hriensa samkomusvæðið.

Ólafur Hallgrímsson kennari sá um Atlavíkina eins og að undanförnu.

d. Gestir Skógræktarinnar.

A sl. sumri eyddi ég eins litlum tíma og mögulegt var í ráp með fólkum skóginna. Fór t.d. nær aldrei með erlendum ferðamannahópum.

Eg nefni eftirtalda aðilja, sem sýnt var um skóginna:

30.apríl-

- | | |
|-------------|---|
| 2. maí. | Snorri Sigurðsson framkvæmdastjóri Skf. Íslands. |
| 16. maí. | Agnar Tryggvason framkvæmdastjóri búvorudeildar SÍS og Þorsteinn Sveinsson kaupfélagsstjóri, Egilsstöðum. |
| 21. maí. | Dagbjartur Stígsson framkvæmdastjóri, Þykkishólmi. |
| 20. júní. | Magnús Kjartansson iðnaðarráðherra og kona hans. |
| 29. " | |
| 1. júlí. | Martin Sandvik tilraunarstjóri, Ási, Noregi, Baldur Þorsteinsson, Vilhjálmur Sigtryggsson og Gunnar Finnboagaso. |
| " | Mrs. Balfaur og sonur frá Skotlandi. |
| 6.-8. " | Hr. Kalkinen frá FAO í Genf, ásamt Hákonni Bjarmasyni og Þórarni Benedikz. |
| 18. " | Kvenfélagskonur úr Breiðdal. |
| 28. " | Kristinn Skæringsson og synir. |
| 7. ág. | Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, sýslumenn Múlasýslna og Birgir Möller forsetaritari. |
| 14.-15. ág. | Erik Edlund skogsvårdchef og Hákon Bjarnason. |
| 28. ág. | Ingvar Hallgrímsson fiskifræðingur og kona hans. |
| 31. " | Hópur kanadískra bænda. |
| 1. sept. | Mr. Davidson, skógræktarmaður frá Vestur-Skotlandi. |
| 10.-11. " | Kristinn Skæringsson. |
| 17. sept. | "Evintýraferð Flugfél. Íslands". Fólk frá alþjóðlegu vörusýningunni í Reykjavík, forstöðumenn Kaupstefhunnar, blaðamenn og sjónvarps. |
| 20.-23. " | Baldur Þorsteinsson. |
| 24. sept. | Ferðaskrifstofu- og Flugfélagsmenn frá Reykjavík. |
| 29.-30. " | Rússnesku prófessorarnir Atrokhin og Graave ásamt XXXXXX XXXXXXXXXX Gunnari Finnboagasyni. |
| 8.-10. okt. | Brynjar Skarphéðinsson og Ísleifur Sumarliðason. |
| 18.-20. " | Mr. Willon frá FAO og Snorri Sigurðsson. |

e. Ferðalög og fundahöld.

Dgana 6.-marz til 8. apríl var ég í Reykjavík. Þar af á starfsmannafundi Skógræktarinnar 9.-11. marz. Hinn 12. marz veiktist ég og var rúmliggjandi til 30. marz, en ég hafði þá legið á Borgarspítalanum í uppskurði frá 17. marz.

30. apríl til 2. maí var ég í Neskaupstað með Snorra Sigurðssyni. Við sáum aðalfund Skf. Neskaupstaðar og skoðuðum land, er félagið hafði í hyggju að komast yfir til ræktunar.

12.-14. maí fór ég til Skaftafells fyrir Menntamálaráðuneytið til þess að skoða heimaskóginna í Skaftafelli.

15. maí. Aðalfundur Skógræktarfélags Egilsstaðahrepps.

22. - 25. maí fór ég til Djúpavogs og Hornafjarðar með fullan bíl af plöntum og leiðbeindi nokkuð í görðum.

24.-28. júní á aðalfund Skf. Íslands að Skógum.

3.-4. júlí. Norður í Laugaland í Eyjafirði til þess að flytja erindi á norrænu vinabæjarmóti um íslenzk umhverfisvandamál.

8.-10. ágúst til Hornafjarðar og í Lón til leiðbeininga skv. beiðni þaðan.

21.-24. ágúst til Vopnafjarðar til að leiðbeina í görðum og ath. um girðingarefnni úr Höfsborgartungu, sem nú er búið að taka upp.

4.-6. sept. til Dalvíkur og Akureyrar. Flutti á Dalvík erindið "Skógurinn, stoð við bak bónadans" á samkomu ~~XXXXXX~~ Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

8.-10. des. sat ég í Reykjavík fyrstu fundi svokallaðrar landnýtingarnefndar.

Hallormsstað, 20. febrúar 1971.

Sig. B. Þórhall